

Þing Neytendasamtakanna 27-28. október 2018

Þingskjal 8

Stefnumótun Neytendasamtakanna

Fráfarandi stjórn leggur til að ný stjórn endurveki starf málefnaþópna og leggi fram nýjar áherslur fyrir næsta þing eða aðalfund. Gert er ráð fyrir að áherslur þingsins 2016 gildi áfram.

Hefð er fyrir því að stefnumótun Neytendasamtakanna fari fram í málefnaþópum á milli þinga. Tillögur málefnaþópa hafa síðan verið teknar saman og samþykktar með eða án breytinga á þingi samtakanna. Undanfarin tvö ár hefur starf málefnaþópna legið að mestu niðri og því liggja ekki fyrir nýjar tillögur til afgreiðslu á þinginu að þessu sinni.

Stjórn minnir á að í 15. gr. laga samtakanna segir „Stjórn tekur ákvarðanir í málum sem snerta rekstur samtakanna og skipulag starfseminnar, fylgir eftir stefnumótun þings samtakanna og tekur afstöðu til stefnumarkandi mála sem samtökunum berast.”